

29. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 18, 31. maí 1927, um iðju og iðnað.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

1. gr.

Málsliður 1. b. í 14. gr. laganna orðist svo:

hefir haft félagsréttindi í sveinafélagi í iðn sinni fyrir 1. jan. 1928.

2. gr.

Aftan við 18. gr. laganna bætist ný málsg. svohljóðandi:

Iðnbréf og heimild til þess að taká nemendur til verklegs náms, sem veitt er samkvæmt þessari grein, gildir aðeins innan þess lögsagnarumdæmis, þar sem það er gefið út. Þetta nær þó ekki til þeirra manna, sem fullgilt sveinsbréf hafa í iðn sinni.

3. gr.

Aftan við 21. gr. laganna komi ný grein, er verður 22. gr., þannig:

Í hverjum kaupstað skal vera iðnráð. Skulu lögreglustjórar að jafnaði leita umsagnar iðnráðanna um þau mál, er undir þá falla samkvæmt II. kafla þessara laga og samkvæmt löggjöfinni um iðnaðarnám.

Ráðherra getur með reglugerð sett ákvæði um kosningu iðnráða og nánari ákvæði um starfssvið þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Við 1. gr.

Það hefir þótt rétt að breyta þessu ákvæði í 14. gr. iðjulaganna svo sem lagt er til í þessari grein, með því að ekki er rétt að láta það vera á valdi sveinafélaga að ákveða það, hverjir skulu teljast iðnaðarmenn hinna ýmsu iðngreina og fá iðnhréf í þeim. Er rétt að sveinspróf skeri út um þetta, nema hvað sanngjarnt þykir að félagaréttindi í sveinafélögum nægi til að fá iðnbréf þeim mönnum, sem voru félagar fyrir 1. jan. 1928, er iðjulögin gengu í gildi.

Við 2. gr.

Það þykir ekki rétt, að þeir menn, sem ekki hafa fært sönnur á kunnáttu sína í sinni iðn með sveinsprófi, hafi iðjuleyfi og kennsluheimild hvar sem er á landinu, þó þeir hafi fengið slík leyfi í einhverju lögsagnarumdæmi. Þykir því rétt að þeir, sem hafa fengið atvinnuleyfi samkvæmt 14. gr. 1. b. og 17. gr., sbr. 14. gr. 1. b. í iðjulögunum, hafi leyfið að eins í því lögsagnarumdæmi þar sem það er veitt.

Við 3. gr.

Iðnaðarmenn hafa sett á fót iðnráð í Reykjavík og fleiri kaupstöðum og hafa óskað þess að það yrði ákveðið með lögum að þau skuli vera í hverjum kaupstað í landinu. Hefir þótt rétt að verða við þeirri ósk.